

Tillögur

lagðar fyrir aukafund stofnenda Arnardrangs hses. hinn 07. 10. 2022

1. Lagðar eru til eftirfarandi breytingar á samþykktum fyrir Arnardrang hses, sem samþykktar voru á stofnfundi 13. apríl 2022.

a) Ákvæði 2. gr. samþykktanna orðist svo:

Heimilisfang og varnarþing Arnardrangs hses er að Austurvegi 2, 800 Selfoss.

b) Fyrirsögn 8. gr. samþykktanna breytist svofellt:

Fulltrúaráðsfundir

c) Ákvæði 1. mgr. 8. gr. samþykktanna orðist svo:

Stjórn Arnardrangs hses boðar fulltrúaráðsfundi og ákveður stað og tíma. Stjórninni er skylt að boða til fulltrúaráðsfundar ef 2/3 hluti fulltrúaráðsmanna fer fram á það. Einfaldur meirihluti atkvæða gildir á fulltrúaráðsfundi, ef samþykktir kveða ekki á um annað.

d) Ákvæði 1. mgr. 17. gr. samþykktanna orðist svo:

Til breytinga á samþykktum Arnardrangs hses þarf samþykki minnst 2/3 hluta greiddra atkvæða á fulltrúaráðsfundi og að fengnu samþykki stofnenda. Samþykki allra stofnenda þarf til að auka við skuldbindingar félagsins.

e) Ákvæði 2. mgr. 18. gr. samþykktanna breytist svo:

2. málsliður 2. mgr. fellur út.

2. Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. ákvæðis samþykktá til bráðabirgða kýs aukafundur stofnenda hér með Arnardrangi hses nýja stjórn:

Eftirfarandi eru kjörnir í stjórn Arnardrangs hses:

Aðalstjórn: Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, bæjarstjóri Árborgar, sem jafnframt er formaður stjórnar Arnardrangs, Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafnhingshrepps, Anton Kári Halldórsson, sveitarstjóri Rangárþings eystra.

Til vara: Bragi Bjarnason, formaður bæjarráðs Árborgar, Sandra Sigurðardóttir, formaður bæjarráðs Hveragerðisbæjar, Eggert Valur Guðmundsson, oddviti Rangárþings ytra

Þannig samþykkt á fundi stofnaðila.

